

Nd.

63. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „árið 1942“ komi: árin 1942 og 1943.
 - b. Í stað orðanna „með 80% álagi“ komi: með 200% álagi.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „árið 1942“ kemur: árin 1942 og 1943.

Einn nefndarmanna (HG) tók það fram, að hann hefði, ásamt fleiri þm., gert till. í frv. um dýrtíðarráðstafanir um skatt á kvikmyndasýningar, og skrifi hann því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 16. marz 1942.

Sveinbjörn Högnason, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Stefán Stefánsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	H. Guðmundsson, með fyrirvara.	